

Fundargerð þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Fundartími: 5. ágúst og framhaldið 10. ágúst 2022, klukkan 10-11:00

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Iðunn Bragadóttir (Samút), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndarsamtök) og Hákon Ásgeirsson (Þjóðgarðsvörður) sem ritar fundargerð / Þórður Runólfsson fjarverandi á seinni fundi.

Magnús Iðunn, Þórður, Anna og Kristinn fundurðu 5. ágúst. Heimsókn umhverfisráðherra til Snæfellsbæjar þann 24. ágúst rædd og aðkoma þjóðgarðsráðs að því. Gert ráð fyrir að taka þurfi frá daginn (10-22). Fundi svo frestað til dagsins í dag 10. ágúst og mættu þá Inga Dóra og Hákon.

1. Mál - Þjóðgarðsmiðstöð

- Vélar komnar inná planið við þjóðgarðsmiðstöð og verið að vinna í útsvæðinu. Fylgja þarf eftir að frágangur kringum húsið verði vel úr garði gert, náttúrulegur gróður settur að húsinu.
- Dagsetningar á flutning í skrifstofur þjóðgarðsmiðstöðvar er eftir 10. september. Sett verður upp í kjölfarið upplýsinga-sýning með megin upplýsingum um þjóðgarðinn og undirbúið að opna húsið gestum. Stefnt á að hafa þá óformlega opnun. Ákveða þarf hverjum á að bjóða á þá opnun. Stefnum á að gera tímaplan og ákveða opnunardag.

2. Mál - Áningarstaðir innan þjóðgarðs

- Djúpalónsandur – þegar skip eru í höfn verður á stundum of mikið af fólki – verður öngþveiti á bílastæðinu á stórum dögum. Næsta skref í uppbyggingu á Djúpalóni er að hefja deiliskipulagsvinnu, koma smíði salerna í gang í vetur. Skipulagning svæðisins nái til núverandi bílastæðis. Gera ráð fyrir að deiliskipulag taki tillit til framtíðarsýnar þar sem mögulega verði skipulagðar ferðir í rafknúnum farartækjum að núverandi bílastæði.
- Hákon mun setja upp verk og tímaáætlun fyrir þjóðgarðinn. Verkefni sem eru í gangi, eru að fara í gang og setja fram tímaáætlun. Í haust verður landsáætlunum uppbyggingu innviða endurskoðuð, þá er möguleiki að bæta við umsóknum um framkvæmdir.
- Öndverðanes – þarf að skoða að bæta veg og innviði þar sem umferð er að aukast. Kanna stöðu á framkvæmdum þar. Skoða með Vegagerðinni að laga veginn og malbika lengra en að Skarðsvík. Skoða að fá fund með forstjóra Vegagerðarinnar.

3. Mál – Heimsókn ráðherra á Snæfellsnes

- Kynning á þjóðgarðinum á Malarrífi, kynning þarf að vera frá grunni. Eru einhver skilaboð sem við viljum koma á framfæri til ráðherra? Aukið fjármagn til reksturs í þjóðgarði sem hefur þroskast, aukning á innviðum og fjölgun gesta. Einnig þarf að vera til staðar fjármagn til viðhalds allra þeirra innviða sem hafa verið byggðir upp innan þjóðgarðs. Búið er að byggja upp þjónustuna og auka þarf mannskap til að sinna þjónustunni. Straumhvörf í rekstri þjóðgarðsins. Gefa góðan tíma í kynningu og nægan tíma í umræður.
- Þarf að laga skilti í þjóðgarðinum sem sum hver eru komin til ára sinna. Fram kom að ruglingslegt er með mismunandi liti á skiltum. Það sem þarf að bæta eru merkingar varðandi hvað er langt í næsta salerni, útsýnisstað, bílastæði o.s.frv.

Önnur mál

- Íbúðarhús á Malarrífi – kanna hver staðan er á því hjá ríkiseignum.

- Nýr starfsmaður í þjóðgarðinn – Rut Ragnarsdóttir ráðinn sem þjónustustjóri og hóf störf 8. ágúst.

Fundi slitið kl. 11:00